

Kirkjuþing 2023-2024

23. mál - þskj. 23b

Breytingartillaga

við tillögu til þingsályktunar um lækkun kostnaðar við kirkjuþing.

Flutt af Auði Thorberg Jónasdóttur, Áslaugu I. Kristjánsdóttur, Ólafi Gesti Rafnssyni,

Stefáni Magnússyni og Steindóri R. Haraldssyni.

Frsm. Steindór R. Haraldsson.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að beina því til kjaranefndar Þjóðkirkjunnar að fella niður launa- og þóknunarkostnað vígðra þjóna sem sæti eiga á kirkjuþingi.

Greinargerð.

Prestar og aðrir vígðir þjónar sem sæti eiga á kirkjuþingi taka föst mánaðarleg laun frá Þjóðkirkjunni. Þau laun falla ekki niður meðan á kirkjuþingi stendur. Varðandi leikmenn sem sæti eiga á kirkjuþingi, þá er það svo að í mörgum tilfellum verða leikmenn að taka sér frí í vinnu eða að ráða staðgengil fyrir sig á sinn kostnað. Flutningsmenn telja hvorki sanngjarnt né réttlætanlegt að skerða laun leikmanna vegna setu á kirkjuþingi.